

Ed.

225. Frumvarp til laga

[105. mál]

um samvinnubúskap.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Karl Kristjánsson, Ásgeir Bjarnason,
Hermann Jónasson, Helgi Bergs, Ólafur Jóhannesson.

I. KAFLI

Um samvinnubúskap.

1. gr.

Það er samvinnubúskapur samkvæmt lögum þessum, er tveir bændur eða fleiri saman reka í félagi samkvæmt samningi eitt bú, þar sem aðilar vinna saman við búið, vélar og tæki vegna búrekstrarins eru sameign og jörð og útihús eru til sameiginlegra afnota vegna búskaparins.

Nú er stofnað til samvinnubúskapar samkvæmt lögum þessum, og skal þá gerður stofnsamningur milli aðila og sé honum þinglýst.

Nýbýlastjórn veitir aðstoð við að koma á fót samvinnubúskap, lætur í té þar til gerð eyðublöð undir stofnsamning, leiðbeinir við gerð samnings og hefur eftirlit með framkvæmdum.

II. KAFLI

Samvinnubúskapur á einstökum jörðum.

2. gr.

Tveir bændur eða fleiri, sem búa á sömu jörð, geta stofnað samvinnubú samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Bændum, sem stofna samvinnubú, er heimilt að sameina jarðir til að reka á þeim samvinnubúskap. Séu fleiri jarðir sameinaðar en stofnendur samvinnubúsins eru samkvæmt stofnsamningi, þarf þó til þess samþykki nýbýlastjórnar og hlutaðeigandi sveitarstjórnar.

III. KAFLI

Samvinnubúskapur í byggðahverfum.

4. gr.

Nú er stofnað byggðahverfi samkvæmt lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, og er nýbýlastjórn þá heimilt að hlutast til um, að þar verði komið á fót samvinnubúskapur samkvæmt lögum þessum. Skal þá miða við það ræktun og gerð húsa í byggðahverfinu.

IV. KAFLI

Samvinnubúskapur til að koma í veg fyrir eyðingu sveitarfélags.

5. gr.

Nú er yfirvofandi hætta á, að byggð eyðist í sveitarfélagi, að dómi nýbýlastjórnar og hlutaðeigandi sveitarstjórnar, þar sem góð skilyrði eru til búskapar frá náttúrunnar hendi, og er Landnámi ríkisins þá heimilt, að fengnu samþykki eða eftir ósk hlutaðeigandi sveitarstjórnar, að stofna þar til samvinnubúskapur samkvæmt lögum þessum, ef talið er, að með því verði komið í veg fyrir eyðingu byggðarinnar.

6. gr.

Nú ákveður nýbýlastjórn framkvæmdir samkvæmt 5. gr., og skal þá að jafnaði miða þær við, að eigi færri en þrjú heimili séu í hverri samvinnubýggð. Landnám ríkisins aflar sér nægilegs lands, að dómi nýbýlastjórnar, til ræktunar og beitar, ræktar að fullu land, sem svarar til allt að 25 ha fyrir hvert heimili, reisir íbúðir og nauðsynleg útihús fyrir samvinnubúið.

7. gr.

Ríkissjóður greiðir Landnámi ríkisins til stofnunar samvinnubúa samkvæmt þessum kafla laganna 10 millj. kr. árlega næstu tíu ár.

8. gr.

Samvinnubú, sem stofnað er samkvæmt þessum kafla laganna, greiðir Landnámi ríkisins leigu eftir land og mannvirki samvinnubúsins eftir sömu reglum og nýbýli í byggðahverfi, sbr. lög nr. 75 1962, VI. kafla.

V. KAFLI

Almenn ákvæði.

9. gr.

Nú vilja tveir eða fleiri aðilar koma á fót samvinnubúskapur samkvæmt lögum þessum, og skulu þeir þá tilkynna það nýbýlastjórn, er veitir aðstoð og leiðbeiningar, sbr. 1. gr., enda sé nægileg landstærð og önnur skilyrði til rekstrar samvinnubús fyrir hendi að dómi nýbýlastjórnar.

10. gr.

Nýbýlastjórn skal miða við, að skilyrði til búrekstrar, þar sem samvinnubú er stofnað samkvæmt lögum þessum, séu eigi lakari en svo, að hluti hvarrar fjölskyldu, er gerist aðili að samvinnubúi, geti a. m. k. samsvarað meðalbústærð (vísitölubúi).

Hver aðili að samvinnubúi skal hafa séríbúð.

11. gr.

Í stofnsamningi samvinnubús, sbr. 1. gr., skal þetta tekið fram:

1. Hverjir séu stofnendur samvinnubúsins og með hvaða hætti menn geti orðið aðilar að samvinnubúinu.
2. Að samvinnubændur skuli allir hafa heimili á staðnum og vinna að samvinnubúinu.
3. Hver sé eignarhlutur hvers stofnanda í jörð, húsum, öðrum mannvirkjum, búvélum og bústofni.
4. Að bújörð, fóðurgeymslur, peningshús, jarðræktar- og heyrinnuvélar skuli vera til sameiginlegra afnota á samvinnubúinu.
5. Hvernig kjósa skuli stjórn og/eða prókúruhafa samvinnubúsins, hvernig það verði skuldbundið og hvernig félagslegar ákvarðanir skuli teknar.
6. Hvernig fara skuli með reikningshald, arðskiptingu og áhættu.
7. Hvaða reglum skuli fylgt, ef aðili að samvinnubúi fellur frá, flyzt burt eða selur eignarhluta sinn, enda skal þá leitast við að koma í veg fyrir, að bændum fækki.
8. Hvaða reglur skuli gilda um ábyrgð aðila og um félagsslit, ef til kemur.

12. gr.

Viðtakandi eignarhluta í samvinnubúi tekur að sér að sínum hluta allar skuldbindingar samvinnubúsins.

13. gr.

Samvinnubú hefur sama rétt til lántöku í Stofnlánadeild landbúnaðarins og til framlaga samkvæmt jarðræktarlögum og lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum eins og aðilar að búinu hefðu haft, ef þeir hefðu búið hver út af fyrir sig á sérstakri bújörð.

Auk þess skal nýbýlastjórn heimilt, ef stofnun samvinnubús hefur í för með sér sérstakan kostnað á byrjunarstigi umfram venjulegan einkabússtofnkostnað, að veita stofnendum óafturkræft framlag eftir því, sem fé verður til þess veitt á fjárlögum. Enn fremur skal Stofnlánadeild landbúnaðarins heimilt að veita samvinnubúi stofnlán til þess að standa straum af slíkum kostnaði, ef nýbýlastjórn mælir með því. Sett skulu nánari ákvæði í reglugerð um þennan sérstuðning, bæði framlag og lán.

Um lán og framlög til samvinnubúa, sem stofnuð eru til að koma í veg fyrir eyðingu sveitarfélags, fer þó eftir ákvæðum IV. kafla.

14. gr.

Samvinnubúi er heimilt að taka lán til vélakaupa eða bústofnskaupa gegn veði í fasteignum eða öðrum eignum búsins. Samþykki nýbýlastjórnar þarf þó til þess, ef um er að ræða samvinnubú, sem stofnað hefur verið samkvæmt ákvæðum í III. eða IV. kafla þessara laga.

15. gr.

Teiknistofa landbúnaðarins, Búnaðarfélag Íslands og Búreikningaskrifstofa ríkisins skulu hver á sínu sviði veita aðstoð við framkvæmd laga þessara.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Landbúnaður hefur verið stundaður á Íslandi, frá því að það byggðist. Öldum saman var hann nær eini atvinnuvegur þjóðarinnar. Heimilin voru þá að jafnaði fjölmenn og hægt að koma við verkaskiptingu.

Á þessari öld hefur byggðin í landinu og atvinnuhættir gerbreytt. Vélaaflið hefur verið tekið í þjónustu atvinnuveganna, nýjum atvinnugreinum komið á fót og fjármagn til atvinnurekstrar stóraukið.

Þessar miklu breytingar hafa haft það í för með sér, að á þessari öld hefur þróunin orðið þannig, að þeim, er stunda landbúnað, hefur stöðugt fækkað í hlutfalli við íbúafjölda landsins.

Um síðustu aldamót hafði meiri hluti þjóðarinnar framfæri af landbúnaði. Samkvæmt manntalsskýrslum Hagstofu Íslands voru þeir, er stunduðu landbúnað, árið 1910 51% af þjóðinni, árið 1920 42.9%, árið 1930 35.8%, árið 1940 30.6%, árið 1950 19.9%. Og talið er, að 1960 hafi ca. 15% af þjóðinni stundað landbúnað. Vitalega er erfitt að draga glögga markalínu, þegar þjóðinni er skipt í atvinnustéttir, og þessar tölur munu ekki allar vera reiknaðar eftir nákvæmlega sömu reglum, en þær sýna samt þróunina. Þrátt fyrir þessa þróun hefur framleiðsla landbúnaðarins vaxið hröðum skrefum, svo að á síðustu 15 árum hefur mjólkurframleiðslan um það bil þrefaldast og framleiðsla sauðfjárafurða nærri tvöfaldast. Vélvæðing landbúnaðarins eykur þannig afköstin og framleiðslumagnið.

Talið er, að sveitabýlin séu 5500—6000. Hefur tala lögbýla haldist svipuð um allan langt skeið, þótt bændunum hafi fækkað. Margar jarðir hafa að visu lagzt í eyði, en sumar þó verið nytjaðar áfram sem lögbýli, og nýbýli hafa verið reist á ýmsum stöðum. Fólksfækkunin í sveitum hefur einkum orðið með þeim hætti, að hvert heimili er fámennara en áður var. Vinnufólk er horfið af sveitaheimilunum og flestir bændur einyrkjar.

Reynslan sannar, að einyrkjabúskapur hefur mikla annmarka. Starf einyrkjans er mjög bindandi. Hann þarf einn að leysa af hendi margvísleg verkefni, sem hann er misjafnlega vel fallinn til að vinna, og ef annað hjónanna á sveitaheimilinu forfallast um skemmri eða lengri tíma, þá getur það valdið miklum örðugleikum, þar sem einyrki á í hlut. Nauðsyn ber til þess, að leitað sé ráða til að skapa sveitabúskapnum sem mest öryggi.

Með samvinnuskipulagi hefur bændastéttin með aðstoð löggjafarvaldsins lyft Grettistöfum á sviði viðskipta og afurðasölu.

Þegar hinar stórvirku jarðræktarvélar tóku að ryðja sér til rúms, reyndist það flestum einstaklingum í bændastétt ofviða sökum kostnaðar að kaupa þær og reka. Hins vegar eru slíkar vélar og viðeigandi tæki nauðsynleg við framkvæmdir í sveitum. Þennan vanda hefur bændastéttin leyst mjög greiðlega og ágreiningslítið á grundvelli löggjafar með stofnun ræktunarfélaga og samvinnu um kaup vélanna og rekstur þeirra.

Til eru sveitir hér á landi, þar sem það er algengt, að skyldfólk vinni saman að búskap. Slíkur samvinnubúskapur, þótt óformlegur sé víðast hvar, hefur víða gefið góða raun. Aukin samvinna í búskap ætti að geta valdið breytingum til bóta.

Flutningsmenn þessa frumvarps telja tímabært, að með löggjöf verði lagður grundvöllur að stofnun samvinnubúa í sveitum, svo að þeir, er áhuga hafa á að stofna til búrekstrar í því formi og telja sér það henta, geti stuðzt við löggjöf.

Áhugi, framtak og félagshyggja einstaklinganna ræður úrslitum um það, hvort samvinnubúskapur nær útbreiðslu og blómgastr. Reynslan ein fær úr því skorið, hver þróunin verður að þessu leyti. En augljóst er, að samvinnubúskapur hefur ýmsa kosti og mun gera sveitafólkinu kleift að losna við annmarka, sem einyrkjabúskapur fylgja. Þar sem tveir bændur eða fleiri starfa saman að búrekstri, getur komizt á hagkvæm verkaskipting, framkvæmdir orðið hlutfallslega meiri en hjá einyrkjum, vélaaflið notast betur og búin orðið hlutfallslega stærri. Það má þó telja enn mikilvægara, að með samstarfi í búskap skapast öryggi, þannig að búin verður ekki í bráðri hættu, þótt einn maður forfallist, þar sem samstarfsmenn hlaupa þá undir bagga. Með samvinnubúskap mun og gefast kostur á meira frjálsræði til að taka þátt í nútíma þjóðlífi en einyrkjabúskapur leyfir.

Flutningsmenn telja ráðlegt að heimila í lögum nýbýlastjórn í samráði við

hlutaðeigandi sveitarstjórn að stofna til samvinnubúskapar, ef talið er, að með því verði komið í veg fyrir yfirvofandi upplausn og eyðingu byggðar á stöðum, þar sem eru góð búskaparskilyrði af náttúrunnar hendi. Eru í frv. ákvæði, er að þessu lúta.

Í fyrsta kafla frv. er það skilgreint, að það sé samvinnubúskapur samkvæmt lögum þessum, ef tveir bændur eða fleiri saman reka í félagi samkvæmt samningi eitt bú, þar sem aðilar vinna saman við búíð, vélar og tæki vegna búrekstrarins eru sameign og jörð og útihús eru til sameiginlegra afnota vegna búskaparins. Þá er og kveðið svo á, að gerður skuli stofnsamningur milli aðila, ef stofnað er til samvinnubúskapar, og sé samningnum þinglýst.

Í öðrum kafla frv. segir, að bændum, sem stofna samvinnubú, sé heimilt að sameina jarðir til að reka á þeim samvinnubúskap, þó ekki fleiri jarðir en stofnendur samvinnubúsins eru samkvæmt stofnsamningi, nema nýbýlastjórn og hlutaðeigandi sveitarstjórn samþykki.

Þriðji kafla frv. er um samvinnubúskap í byggðahverfum. Þar er svo mælt, að nýbýlastjórn sé heimilt að hlutast til um, að komið verði á fót samvinnubúskap í byggðahverfum, sem stofnuð eru af Landnámi ríkisins. Skal þá miða við það ræktun og byggingar í byggðahverfinu.

Fjórti kafla frv. er um samvinnubúskap til að koma í veg fyrir eyðingu sveitarfélags. Þar er kveðið svo á, að Landnámi ríkisins sé heimilt, ef yfirvofandi hætta er á, að byggð eyðist í sveitarfélagi, þar sem góð skilyrði eru til búskapar frá náttúrunnar hendi, að stofna þar til samvinnubúskapar, ef talið er, að með því verði komið í veg fyrir eyðingu byggðarinnar. Landnám ríkisins aflar sér þá nægilegs lands að dómi nýbýlastjórnar til ræktunar og beitar, ræktar að fullu land, sem svarar til allt að 25 ha fyrir hvert heimili, reisir íbúðir og nauðsynleg útihús fyrir samvinnubúíð. Ríkissjóður skal greiða Landnámi ríkisins til þessara framkvæmda 10 millj. kr. árlega næstu tíu ár.

Fimmti kafla frv. eru almenn ákvæði. Þar er svo fyrir mælt, að nýbýlastjórn skuli veita aðstoð og leiðbeiningar við framkvæmd laganna og hvaða meginatriði um réttindi og skyldur aðila skuli taka fram í stofnsamningi. Enn fremur er þar kveðið á um það, að samvinnubú skuli hafa sama rétt til lántöku í Stofnlánadeild landbúnaðarins og til framlaga samkvæmt jarðræktarlögum og lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum eins og aðilar að búinu hefðu haft, ef þeir hefðu búíð hver út af fyrir sig á sérstakri bújörð. Auk þess skal nýbýlastjórn heimilt, ef stofnun samvinnubús hefur í för með sér sérstakan kostnað á byrjunarstigi umfram venjulegan stofnkostnað einkabús, að veita stofnendum óafturkræft framlag eftir því, sem fé verður til þess veitt á fjárlögum. Enn fremur skal Stofnlánadeild landbúnaðarins heimilt að veita samvinnubúi stofnlán til þess að standa straum af slíkum kostnaði, ef nýbýlastjórn mælir með því. Loks eru ákvæði um, að samvinnubúi sé heimilt að taka lán til véla-kaupa eða bústofnskaupa gegn veði í fasteignum eða öðrum eignum búsins.

Samkvæmt frv. skal Teiknistofa landbúnaðarins, Búnaðarfélag Íslands og Búreikningaskrifstofa ríkisins — hver stofnun á sínu sviði — veita aðstoð við framkvæmd laganna.